

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI FJALLABYGGÐAR 2008-2028

ATHAFNA- OG HAFNARSVÆÐI Á ÞORMÓÐSEYRI, SIGLUFIRÐI



Staðfest aðalskipulag, staðfest 22.12.2010

mkv. 1:10.000




Breytt aðalskipulag

mkv. 1:10.000

SKÝRINGAR

	ÞÉTTBYLISMÖRK		SKÝRINGAR:		ADRAR SKÝRINGAR, LÖG TIL STAÐFESTINGAR
	IBÚÐARSVÆÐI		SVÆÐI HESTAMANNA		1. BÆJARSKRIFSTOFUR
	SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUFNANIR		KIRKJUGARÐUR		2. TÓNLISTARSKÓLI
	MIBSVÆÐI		TJALDSVÆÐI		3. SYSLUMADUR/ LÖGREGLUSTÖÐ
	VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI		KNATTSPYRNA		4. GRUNNSKÓLI
	ATHAFNARSVÆÐI		SKÓGRÆKT		5. LEIKSKÓLI
	IDNADARSVÆÐI		GOLFOVÖLLUR		6. GRUNNSKÓLI
	HAFNARSVÆÐI		GAMLI KIRKJUGARÐUR		7. HEILSUGS/ÚKRAHÚS
	SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ		FLUGVAL LARSVÆÐI		8. DVALARHEIMILI
	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA		KALDAVATNSTANKUR		9. ÞRÓTTAMIDSTÖÐ/ SUNDLAUG
	ÖBYGGÐ SVÆÐI		VATNSDÆLUSTÖÐ		10. KIRKJA
	BLÖNDUÐ LANDNOTKUN		HEITAVATNSTANKUR		11. SILDARMINJASAFN
	LANDFYLINGAR		ENDURVARPSSTÖÐ		12. SLÓKKVISTÖÐ
	VÖTN ÁR OG SJÓR		RAFVEITA		13. ÁHALDAHÚS
	VATNSVERNDARSVÆÐI		ADVEITUSTÖÐ		
	VATNSVERNDARSVÆÐI		SPENNISTÖÐ		
	VATNSVERNDARSVÆÐI		SNJÓFLÓÐAVARNAGARÐAR		
	STRANDSVÆÐI		ÞJÓNUSTUMIBSTÖÐ OG VERSLUN		
	NÁTTURUVERNDARSVÆÐI		SJÓVARNAGARÐAR		
	HVERFISVERNDARSVÆÐI		JADAR SKÓGRÆKTAR I HÖLSDAL		
	SVÆÐI FYRIR SNJÓFLÓÐAVARNARSTÖÐVIRKI		VIÐ HÖLSDAL I SKARSDAL		
	STOFNBRÁUT		SAURBÆJARÁS		
	TENGBRAUT				
	BYGGINGAR TIL NIÐURRÍFS				
	JARÞIGÖNG				
	DÆLUSTÖÐ				
	FORMINJAR				



Skýringaruppdráttur

Hæðarlínur:
Grúnnkot: 20 m línur
Sjógvörnagarðar: 5 m línur

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 21.06. 2017.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 28.7. 2017.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar leggur til að Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028 verði breytt til samræmis við framkvæmdir sem fram hafa farið á hafnarsvæðinu á Siglufirði og fyrirhugaða uppbyggingu við hafnarsvæðið.

Forsendur

Breytingar voru gerðar á Siglufjarðarhöfn árið 2016 og höfnin dýpkuð. Úr uppgreftinum var gerð landfylling norðan við Hafnarbyggjuna.

Breyting á skipulagsuppdrætti

Hafnarsvæði er lagað að núverandi hafnarbakka. Afmörkun hafnarsvæðis nær nú í sjó fram. Innan þess er bæði sjór og land. Þannig er gefið svigrúm fyrir minniháttar breytingar innan hafnarsvæðis, t.d. lengingu hafnargarðs eða breikkun sjóvarna, sem annað hvort verða skilgreindar í deiliskipulagi eða með framkvæmdaleyfi. Þær framkvæmdir kunna að vera tilkynningarskyldar sbr. liði 13.01 og 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Núverandi landfylling er færð inn á uppdrátt en einnig er gert ráð fyrir aukinni landfyllingu norðan hennar. Fyrirhuguð landfylling stækkar úr 0,7 ha í 0,8 ha.

Hafnarsvæði á landi stækkar úr 2,7 ha í 3,1 ha.

Afmarkað er nýtt athafnasvæði sem er 0,7 ha.

Breyting á greinargerð

bls 108, kafli Sjósamgöngur, hafnir og sjóvarnir

Nýr texti:

Minniháttar breytingar sem gerðar verða á hafnarsvæðinu, innan afmörkunar þess, kalla ekki á breytingu á aðalskipulagi en verða skilgreindar í deiliskipulagi eða með framkvæmdaleyfi. Framkvæmdirnar kunna þó að vera tilkynningarskyldar sbr. liði 13.01 og 13.02 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Skipulags- og umhverfisnefnd skal, í hverju tilfelli, meta hvort framkvæmd teljist minniháttar.

bls 120, kafli Landfyllingar

Fyrir breytingu:

L6 Fylling austan Tjarnargötu á Siglufirði. Um 0,7 ha fylling er áætluð í hafnarbakkann og er hún skilgreind sem hafnarsvæði...

Eftir breytingu:

L6 Fylling austan Tjarnargötu á Siglufirði. Um 0,8 ha fylling er áætluð í hafnarbakkann og er hún skilgreind sem hafnarsvæði og athafnasvæði...

Mat á áhrifum

Áhrif verða metin sem **þákvæð (+)**, **neiðkvæð (-)**, **óveruleg (0)** eða **óviss/á ekki við (?)**.

Umhverfisþættir	Efnistaka og -losun	Landfylling	Viðlegukantur
Vatnsgæði	0 Á meðan á efnistöku og -losun stendur má gera ráð fyrir að sjór gruggist.	0 Á meðan á efnistöku og -losun stendur má gera ráð fyrir að sjór gruggist.	0 Í gildi er reglugerð sem gerir losun kjölfestvatns dheimila innan mengunarlögsögu Íslands. Koma stærri skipa ætti því að hafa óveruleg áhrif.
Búsvæði	0 Ekki eru viðkvæm búsvæði við höfnina sem framkvæmdin er talin hafa áhrif á. ? Losunarefni er mjög fínt og talið er að dreifni efnis verði um allt svæðið.	0 Ekki eru viðkvæm búsvæði við ströndina sem framkvæmdin er talin hafa áhrif á.	0 Í gildi er reglugerð sem gerir losun kjölfestvatns dheimila innan mengunarlögsögu Íslands. Koma stærri skipa ætti því að hafa óveruleg áhrif.
Atvinnulíf	0 Framkvæmdin hefur ekki áhrif á atvinnulíf sveitarfélagsins.	+ Takmarkað undirlendi er á Siglufirði og var talin þörf á frekara landi til uppbyggingar athafnasvæðis.	+ Gera má ráð fyrir fjölgun skemmtiferðaskipa nú þegar þau geta lagst að bryggju. Vinnuástanda á höfninni hefur batnað og afköst við löndun aukist.
Efnisleg verðmæti	+ Við efnistöku kom upp efni sem nýttist að hluta til landfyllingar. Ónýtanlegt efni var losað í sjó. -	+ Takmarkað undirlendi er á Siglufirði og var talin þörf á frekara landi til uppbyggingar athafnasvæðis.	+ Hafnarástanda hefur verið bætt.
Landslag	0 Framkvæmdin er ekki sýnileg.	0 Strandlína svæðisins hefur ekki verið náttúruleg til margra ára. Framkvæmdin hefur ekki veruleg áhrif á ásjáð svæðisins.	0 Viðlegukanturinn hefur óveruleg áhrif á landslag.

Vöktunaráætlun

Sveitarfélagið í samráði við viðeigandi stofnanir skal taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að vakta á losunarstaðar afdrif dýpkunarefnis.

Umhverfisskýrsla

Breytingar á aðalskipulagi fela í sér framkvæmdir sem falla undir 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, þ.e.

- liður 2.03, efnistaka úr hafsbolti þar sem áætlað efnismagn er 50.000 m³ eða meira.
 - Framkvæmd er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar.
- liður 10.23, landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er allt að 5 ha.
 - Framkvæmd er tilkynningarskyld til sveitarstjórnar.
- liður 13.01 og 10.11, hafnir sem skip stærri en 1.350 tonn geta siglt um.
 - Framkvæmd er háð mati á umhverfisáhrifum.

Efnistaka

Dýpkunin fór fram á svæði sem þegar hafði verið raskað við sambærilegar framkvæmdir. Magn dýpkunarefna var áætlað um 80.000 m³. Af því var um 15.000 m³ af grófu efni sem nýttist í landfyllingu. 65.000 m³ af fínefni var losað í sjó við Siglunes. Haugsetning efnis í sjó náði til um 49.000 m² svæðis.

Gerðar voru efnarannsóknir á dýpkunarefninu og var styrkur þungmálma undir mörkum og PCB rannsóknir sýndu engin vik (sbr. umsögn Umhverfisstofnunar, dags. 14. júlí 2016).

Landfylling

Samtals er ný landfylling um 1,1 ha, 0,4 ha skilgreindir sem hafnarsvæði og 0,7 ha sem athafnasvæði.

Landfylling sem varð til við hafnarframkvæmdirnar er um 6.000 m² eða um 27.000 m³.

Viðlegukantur

Þær breytingar sem gerðar voru á viðlegukantinum hafa í för með sér að nú geta skip sem eru 250 m löng og með djúpristu undir 10 m lagst að bryggju. Áður takmarkaðist stærð skipa við 7 m djúpristu.

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUBJÓNSSON OG FELAGAR ehf. arkitektar fat <small>KAUFARÁRDEI 100 HAFNARSVÆÐI 1000 AKUREYRI Sími: 401 5508 Netfang: arkitekt@teknistofa.is</small>	Breyting á Aðalskipulagi Fjallabyggðar 2008-2028	
	TILLAGA ATHAFNA- OG HAFNARSVÆÐI Á ÞORMÓÐSEYRI, SIGLUFIRÐI	VERK 16-379 BLAD 1
HANNAÐ KVARDI 1:10.000 í A2	TEIKNAD LF DAGS. 7. apríl 2017 BREYTT	